

Embætti og sýslanir m. m.

30. desember 1919 var sóknarprestur í Reynistaðaklaustursprestakalli, síra Hálf dán Guðjónsson, skipaður prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. jan. þ. á. að telja.

4. febrúar var settur prófessor Einar Arnórsson, R. af Dbr., allramildilegast skipaður prófessor innan lagadeildar Háskóla Íslands.

25. febrúar voru með allrahæstum úrskurði þeir:

Jón Magnússon, kommandör af Dannebrog og Dannebrogismaður,

Pjetur Jónsson, alþingismaður, riddari af Dannebrog, og

Magnús skrifstofustjóri Guðmundsson, alþingismaður, allramildilegast skipaðir ráðherrar Íslands, og hinum fyrstnefnda falið forsæti ráðuneytisins. Ennfremur var þeim:

Sigurði alþingismanni Jónssyni, atvinnu- og samgöngumálaráðherra, kommandör af Dannebrog og Dannebrogsmanni, og

Sigurði alþingismanni Eggerz, fjármálaráðherra, kommandör af Dannebrog, með sama allrahæstum úrskurði, veitt lausn í náð frá ráðherraembættunum.

11. mars voru þeir, framkvæmdarstjóri Hallgrímur Kristinsson, bankastjóri Hannes Thorsteinsson, konsúll Jes Zimsen, bankastjóri L. Kaaber og skrifstofustjóri Oddur Hermannsson af stjórnarráðinu skipaðir í Viðskiftanefnd, er starfi að ráðstöfunum viðvikjandi vöru- og greiðsluviðskiftum Íslands við önnur ríki.

12. mars voru prófessor, dr. phil. Guðm. Finnbogason og prófessor Sigurður Sivertsen skipaðir samkvæmt þingsályktun 23. sept. 1919 um fræðslumál, til þess að vera stjórninni til aðstoðar í yfirvegum og rannsókn þeirra atriða, er þingsályktunin greinir.

17. mars var sóknarprestur í Helgafellsprestakalli síra Ásgeir Ásgeirsson skipaður sóknarprestur í Hvammsprestakalli í Dalaprófastsdæmi.

24. mars var fiskimatsmaður Jón Magnússon settur til þess, fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að gegna störfum sem yfirfiskimatsmaður í Reykjavík.

15. apríl þóknast Hans hátign konunginum að fela fjármálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni að veita forstöðu dóms og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, á meðan dóms- og kirkjumálaráðherra Jón Magnússon er fjarverandi í embættisferð til Kaupmannahafnar.

20. apríl voru þeir Guðm. Hannesson prófessor, Stefán Jónsson dócent og Magnús Pjetursson hjeraðslæknir, leystir frá störfum í hinni sjerstöku sóttvarnarnefnd í Reykjavík.

10. maí var Magnús Jónsson cand. jur. og polit., allramildilegast skipaður prófessor innan lagadeildar Háskóla Íslands.

12. júní var sóknarpresti í Hjarðarholtsprestakalli og prófasti í Dalaprófastdæmi, síra Ólafi Ólafssyni, veitt lausn frá embætti frá síðastliðnum fardögum að telja, með eftirlaunum.

143 16. júní var Steingrímur Jónsson sýslumaður í Þingeyjarsýslu allramildilegast skipaður sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Akureyrarkaupstað.

31. júlí vjék dóms- og kirkjumálaráðherrann sýslumanni í Dalasýslu Bjarna Þ. Johnson frá embætti um stundarsakir.

Sama dag var aðstoðarmaður í stjórnarráðinu cand. juris Þorsteinn Þorsteinsson settur til þess að gegna um stund sýslumannsembættinu í Dalasýslu.

16. ágúst þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að samþykkja skipun íslensks erindreka í Danmörku með stöðu sem sendiherra og ráðherra með umboði og að skipa í þá stöðu hæstarjettarmálaflutningsmann Svein Björnsson.

24. ágúst veitti atvinnu- og samgöngumálaráðherrann Birni Sigurðssyni lausn frá bankastjórasyfslan við Landsbankann frá 1. september að telja.

15. september var sóknarprestur í Hvammsprestakalli í Dölum, síra Asgeir Asgeirsson, skipaður prófastur í Dalaprófastsdæmi, frá síðastliðnum fardögum að telja.

Sama dag var bændaskólakennari Páll Zophoníasson skipaður skólástjóri við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, frá 1. október n. k. að telja.

Sama dag var kennari Páll Jónsson skipaður 1. kennari við bændaskólann á Hvanneyri, frá 1. október n. k. að telja.

Sama dag var kennari Gunnlaugur Björnsson settur til þess að vera fyrst um sinn 2. kennari við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, frá 1. október n. k. að telja.

Sama dag var búfræðiskandidat Þórir Guðmundsson settur til þess að vera fyrst um sinn 2. kennari við bændaskólann á Hvanneyri, frá 1. október n. k. að telja.

21. september skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðherrann eftirgreinda menn í Verðlagsnefnd, fyrst um sinn fyrir Reykjavíkurkaupstað:

Björn Þórðarson, hæstarjettarritari, formann,
Björn Sigurðsson fyrv. bankastjóra,
Geir Sigurðsson skipstjóra,
Guðjón Guðlaugsson alþingismann,
Hjeðinn Valdimarsson skrifstofustjóra.

27. september var cand. juris Júlíus Havsteen allramildilegast skipaður sýslumaður í Þingeyjarsýslu.

4. október þóknaðist Hans hátign konunginum að fela forsætisráðherra Jóni Magnússyni að veita forstöðu fjármáladeild stjórnarráðsins, meðan fjármálaráðherra Magnús Guðmundsson er fjarverandi í embættisferð til Kaupmannahafnar.

13. október var fulltrúi Gísli Ísleifsson allramildilegast skipaður skrifstofustjóri í fjármáladeild stjórnarráðs Íslands.

13. október var settur hjeraðslæknir Halldór Kristinsson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Hólshjeraði í Norður-Ísafjarðarsýslu. 143

21. október fjekk ungfrú Inga Magnúsdóttir löggildingu stjórnarráðsins sem dóm-túlkur og skjalþýðandi í Reykjavík við þýðingar úr og á dönsku og ensku.

15. nóvember var prófessor Eiríki Briem veitt samkvæmt beiðni lausn frá starfinu sem framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs Íslands frá 1. janúar þ. á. að telja.

15. nóvember var bankaritari Vilbjálmur Briem settur framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs Íslands, fyrst um sinn frá 1. janúar að telja.

23. nóvember var settur yfirfiskimatsmaður Jón Magnússon skipaður yfirfiskimatsmaður í Reykjavík með umdæmi frá Þjórsá að Öndverðarnesi.

26. nóvember var sýslumanni í Arnessýslu, Guðm. Eggerz allra mildilegast veitt lausn í náð frá sýslumannsembættinu í Arnessýslu frá 1. des. að telja, með eftirlaunum.

29. nóvember var aðstoðarmaður í stjórnarráðinu cand. juris Steindór Gunnlaugsson settur til þess fyrst um sinn frá 1. des. að telja að gegna sýslumannsembættinu í Arnessýslu.

2. desember var settur umboðsmaður Jón Proppé, kaupmaður í Ólafsvík, skipaður umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði og Hallbjarnareyrar.

Sama dag ákvað atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, að starfsvið verðlagsnefndar þeirrar, sem 21. september þ. á. var skipuð fyrst um sinn fyrir Reykjavíkurkaupstað, skuli framvegis ná yfir alt landið.

21. desember var sýslumanni í Suður-Múlasýslu, Sigurjóni Markússyni, allra mildilegast veitt lausn frá sýslumannsembættinu í Suður-Múlasýslu frá 31. s. m. að telja án eftirlauna.

Konsúlar.

8. janúar var Henry Eugen Bay viðurkendur norskur aðalkonsúll á Íslandi, með bústað í Reykjavík.

27. júlí var André Carlos Joseph Courmont viðurkendur forstöðumaður hins franska víçe-konsúlats fyrir Ísland með aðsetri í Reykjavík.

Heiðursmerki.

4. júní var bæjarfógeta á Siglufirði Guðmundi Hannessyni allramildilegast leyft að bera heiðurmerki sem riddari af II. fl. St. Olavsorðunnar, er hans hátign Noregs konungur hefir sæmt hann.

Heiðursgjafir.

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX fyrir árið 1919 hefur stjórnarráðið veitt þeim Guðmundi Daníelssyni, bónda í Svignaskarði í Mýrasýslu og Hávarði Jónssyni, bónda á Efri-Fljótum í Skaftafellssýslu heiðursgjafir, 160 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru, sem að búnaði lýtur.

Styrkveiting.

Af vöxtum af styrktarsjóði Friðriks konungs VIII. fyrir árið 1920 hefir stjórnarráðið veitt Lystigarðsfjelagi Akureyrar 300 kr. styrk til trjáræktar.

Einkarjettir.

9. apríl þóknaðist Hans hátign konunginum að veita organleikara Ísólf Pálssyni í Reykjavík einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á tilbúningi á plögvörpu til veiða.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum einnig að veita organleikara Ísólf Pálssyni í Reykjavík einkarjett á Íslandi um 5 ára tímabil á tilbúningi á hafplógi til veiða.